

## Ný viðhorf í landbúnaðarráðgjöf

Guðmundur Jóhannesson

og

Runólfur Sigursveinsson

*Búnaðarsambandi Suðurlands*

### INNGANGUR

Undanfarin ár og áratugi hafa málefni landbúnaðarráðgjafarinnar verið rædd á ráðunautafundum með einum eða öðrum hætti. Má þar meðal annars nefna fundina árin 1992 og 1996. Þá voru fengnir fyrirlesarar frá Danmörku og Skotlandi til að kynna stöðu og líklega þróun landbúnaðarráðgjafar í þeim löndum. Málefni þessarar þjónustu hafa einnig verið tekin fyrir í nefndum og skýrslum undanfarna áratugi. Þar skulu nefndar Jón Hólm-nefndin sem skipuð var síðla árs 1987 og nefnd sem skipuð var á árinu 1997 um samþættingu rannsókna, leiðbeininga og fagmenntunar í landbúnaði. Sú nefnd skilaði af sér með skýrslu í desember sama ár. Þá starfar nú nefnd á vegum RANNÍS að úttekt á stöðu nautgriparæktar í landinu.

Miðað við þessa upptalningu og tillögur sem komið hafa úr ofangreindri vinnu, má ætla að landbúnaðarráðgjöfin sé orðin vel í stakk búin til þess að takast á við framtíðina. Sem landbúnaðarráðgjafar fullyrðum við að svo er ekki. Þó höfum við ýmsar forsendur til þess að takast á við framtíðina en teljum að lítils árangurs sé að vænta miðað við óbreytt skipulag. Hefur þá ekkert verið gert til að aðlaga landbúnaðarráðgjöfina breyttu samfélagi?

Lesendur hafa væntanlega veitt því eftirtekt að við ræðum um landbúnaðarráðgjöf en ekki leiðbeiningaþjónustu eins og þessi starfsemi er oftast nefnd manna í milli. Ástæðan er sú að við teljum okkur ekki vera leiðbeinendur bænda þar sem þeir eru fagmennirnir. Hins vegar erum við ráðgjafar og veitum þeim ráðgjöf. Á þessu tvennu er grundvallarmunur.

### RÁÐGJAFAMIÐSTÖÐVAR

Með gildistöku nýrra búnaðarlaga má segja að löggjafinn hafi tekið af skarið um að ráðgjöf í landbúnaði færðist yfir í form ráðgjafamiðstöðva (leiðbeiningamiðstöðva eins og segir í löggjöfinni) í stað einmenningsumdæma héraðsráðunauta. Þessi

ákvörðun er í samræmi við þá þróun sem orðið hefur; búin hafa stækkað og sérhæfing og tæknivæðing aukist. Þetta hefur kallað á sértækari þekkingu. Því getur landbúnaðarráðgjöfin ekki sinnt nema með meiri sérhæfingu starfsmanna sinna og samvinnu þeirra innbyrðis - ekki síður við aðra ráðgjafastarfsemi. Samhliða þarf að auðvelda mjög aðgengi starfsmanna úti í héruðum að upplýsingum úr gagnasafni landbúnaðarins.

Sú hættu er fyrir hendi að með stofnun fárra ráðgjafamiðstöðva út um land á sviði landbúnaðar, einangrist þessi starfsemi enn meira en nú er frá annarri atvinnuráðgjöf og öðrum atvinnugreinum. Til að bregðast við slíku virðist okkur einsýnt að ná verði fram meiri samvinnu við aðra atvinnuráðgjöf. Má þar nefna samvinnu við atvinnuþróunarfélög sem gæti komið báðum aðilum til góða.

## **FJÁRMÖGNUN**

Til þessa hefur ráðgjöf í landbúnaði verið kostuð af bændum sjálfum og opinberu fé. Í sjálfu sér bendir ekkert til þess að breyting sé að verða eða verði þar á. Hins vegar er líklegt að innheimta fjármagnsins kunni að breytast enn frekar en varð með gildistöku laga um búnaðargjald þann 1. janúar 1998. Þarna er átt við þá staðreynd að kröfur um upptöku þjónustugjalda í stað búnaðargjalds verða æ háværar. Jafnframt verður að taka mið af breytingu á fjárhagslegu umhverfi annarrar skyldrar starfsemi, t.d. með tilkomu nýrra dýralæknalaga. Sú staða sem þannig kemur upp mun knýja á um þjónustugjöld til þess að jafna aðstöðumun og koma á virkri samkeppni.

## **Þjónustugjöld**

En hvað þýðir það í reynd að taka upp þjónustugjöld? Í eðli sínu er ekki um breytingu að ræða. Bændur myndu sem fyrr kosta þann hluta þjónustunnar sem fjármagnaður hefur verið með búnaðargjaldinu. Hins vegar yrði um útselda vinnu að ræða þannig að í stað þess að leggja veltuskatt á alla búvöruframleiðendur myndu notendur þjónustunnar greiða fyrir afnot hennar. Þetta atriði eitt og sér breytir mjög miklu því ekki verður séð að hægt sé að fjármagna þann hluta starfsemi búnaðarsambandanna er lýtur að félagslegum málefnum bænda með þjónustugjöldum. Þá er og óvíst að ráðgjafarþjónusta sem selur sína þjónustu og á um leið í samkeppni við aðra ráðgjöf geti í reynd lotið stjórn bænda, þ.e. þeirra sem kaupa þjónustuna. Eðlilegt starfsumhverfi slíkrar þjónustu er að eftirspurn eftir ráðgjöf ráði framboði hennar hverju sinni. Fyrirtæki sem selja þjónustu á samkeppnismarkaði verða að geta hraðað

ákvörðunum mun meira en fulltrúalýðræðið býður upp á. Það er því líklegt að breyta þyrfti rekstrarformi landbúnaðarráðgjafar (búnaðarsambanda) ef til þjónustugjalda kæmi.

Þjónustugjöld koma til með að leggja auknar kröfur á landbúnaðarráðgjöfina á þann hátt að notendurnir verða kröfuharðari. Um leið mun skilvirkni þessarar starfsemi aukast. Menn meta alltaf meira þá þjónustu sem þeir greiða fyrir með jafn augljósum hætti og með þjónustugjöldum.

### **Opinbert fé**

Opinberu fé verður væntanlega varið áfram til ráðgjafar í landbúnaði ef verkefni haldast þau sömu og áður. Búnaðarsamböndin hafa lagalegar skyldur varðandi fóðureftirlit, beitarmál og dýrahald svo eitthvað sé nefnt. Þá nýtur hinn almenni borgari góðs af ráðgjöf til bænda því að hann fær betri og ódýrari vöru vegna aukinnar hagkvæmni í framleiðslu. Þannig er réttlæt看legt að verja opinberu fé til leiðbeininga. Hvernig því opinbera fé er varið hlýtur að vera ákvörðun sem tekur mið af aðstæðum á hverjum tíma. Það þarf ekki endilega að vera bundið við ákveðinn fjölda stöðugilda heldur væri smá saman farið í að gera þjónustusamninga um skilgreind verkefni.

### **NOTENDUR RÁDGJAFAR**

Hér á undan var minnst á notendur ráðgjafar. Það er grundvallaratriði að við gerum okkur grein fyrir hverjir það eru sem notfæra sér ráðgjöf og hverjir ekki, ekki síst ef við ætlum að selja þær. Notendahópurinn er breiður; á ólíkum aldri, með ólík viðhorf, í mismunandi búskap og með misstór bú. Þá er ekki hægt að horfa fram hjá því að veruleg eftirspurn getur verið eftir ráðgjöf hjá fólki sem heldur húsdýr í tómsundum.

Bændur sem komnir eru af léttasta skeiði huga eðlilega að starfslokum sínum og leita gjarnan eftir ráðgjöf er tengist skattamálum, kynslóðaskiptum eða jarðarsölu. Hér er landbúnaðarráðgjöfin illa í stakk búin til þess að veita mönnum úrlausn sinna mála. Benda má á að víða erlendis eru lögfræðingar starfandi við ráðgjafamiðstöðvar og sinna samningagerð og lögfræðilegri ráðgjöf. Veruleg eftirspurn er eftir slíkri ráðgjöf hérlandis, það þekkja undirritaðir úr starfi sínu.

Bændur sem eru í fullum rekstri leita mjög eftir ráðgjöf varðandi rekstur, áætlanir og fagleg mál, s.s ræktun, kynbætur og tækni. Landbúnaðarráðgjöfin hefur einkum sinnt þessum hópi, þó misvel.

Fólk sem heldur húsdýr í tómstundum, þar sem hestamenn eru stærsti hópurinn, leitar einnig eftir faglegri ráðgjöf en með öðrum hætti þannig að framsetning verður á allt annan máta. Fagþekking þessa hóps ristir einnig oft á tíðum mun grynna þó ekki sé það algilt en á móti kemur að áhuginn er oft mikill. Þetta er vaxandi hópur sem seld ráðgjafafjónusta getur ekki horft framhjá.

### **HVERNIG RÁÐGJÖF?**

Ráðgjöf er miðlun upplýsinga með einum eða öðrum hætti. Oft á tíðum virðist sem íslenska landbúnaðarráðgjöfin geri sér ekki grein fyrir þessu. Úttektir, vottanir og ýmis konar umsýsla ganga fyrir á kostnað ráðgjafahlutverks ráðunautanna.

Ráðgjöf má skipta í þrennt eftir eðli hennar:

- *Útgáfa.* Undir þennan flokk falla blöð, bækur, bæklingar, tímarit, forrit, heimasíður og svo mætti áfram telja. Sammerkt þessum flokki er að útgáfustarf nær til margra, er tiltölulega ódýrt en ómarkvisst þar sem eftirfylgni er erfið.
- *Fundur, námskeið.* Þarna má nefna fræðslufundi, hvers konar námskeið eða aðrar samkomur þar sem fræðsla eða miðlun upplýsinga fer fram. Þessi flokkur nær til þrengri hóps en útgáfa en er markvissari og eftirfylgni er auðveldari. Slíkt form er dýrara en útgáfustarf.
- *Einstaklingsráðgjöf.* Maður á mann ráðgjöf, heimsóknir o.s.frv. Um er að ræða dýrasta form ráðgjafar en um leið markvissast og eftirfylgni er auðveld.

### **AÐGENGI AÐ UPPLÝSINGUM**

Eins og áður sagði er sammerkt allri ráðgjöf að hún er miðlun upplýsinga. Til þess að svo megi verða þarf aðgengi landbúnaðarráðgjafar, í okkar tilviki búnaðarsambanda, að upplýsingum að vera gott. Þarna er stærsta brotalömin í okkar starfi. Við höfum í áratugi hjakkað í því fari að safna gögnum en koma þeim ekki á aðgengilegt form fyrir hvern þann einstakling sem sækja vill ráðgjöf til okkar. M.ö.o. höfum við brugðist því hlutverki okkar að miðla upplýsingum. Við höfum ekki verið að veita ráðgjöf - heldur safna gögnum. Þessu verðum við að breyta!

En hvernig? Það er ekki auðvelt að rífa sig upp úr einhverju fari sem er orðið margra áratuga djúpt. Reynsla okkar hjá Búnaðarsambandi Suðurlands af átaksverkefninu SUNNU bendir til þess að pakkaráðgjöf fyrir hverja búgrein sé það sem koma skal. Þetta er einnig reynsla þjóða eins og Dana þar sem landbúnaðarráðgjöfin er 20-30

árum á undan því sem við þekkjum. Með pakkaráðgjöf er átt við að ráðunautur og bóndi setja saman pakka sem innihalda ákveðna þætti, s.s áætlanagerð, heimsóknir og ýmsa aðstoð. Mikilvægt er að pakkarnir verði ekki of stórir heldur setji bændur hina og þessa pakka saman fyrir sig. Þannig eru pakkarnir sérsniðnir að þörfum hvers og eins bónda.

Það kostar bæði tíma og fjármuni að hrinda slíku af stað og ráðgjafapakkar verða ekki til eða þróast af sjálfu sér. Þarna hefðu Bændasamtök Íslands átt að sýna frumkvæði og áræði, nokkuð sem skort hefur í þeirra starfi undanfarna áratugi eða frá því að framleiðslustýring kom til. Landbúnaðarráðgjöfin situr eftir og er fyrir bragðið gjörsamlega stöðnuð, jafnvel steinrunnið nátttröll.

### **HVERJU ÞARF AÐ BREYTA?**


Til að ná fram meiri skilvirkni og kraftmeira starfi á sviði þróunar og ráðgjafar fyrir bændur verður að breyta uppbyggingu Bændasamtaka Íslands. Skilja verður ráðgjafapáttinn frá annarri starfsemi samhliða því að Bændasamtökin verði regnhlífarsamtök einstakra búgreina með harða kjarabaráttu sem meginviðfangsefni. Nú fer alltof mikill tími í umsagnir um hin ýmsu mál og daglegt amstur hjá Bændasamtökum Íslands á kostnað stjórnunar og þróunar ráðgjafapáttarins.

Hraða verður og auka upplýsingaflæðið frá gagnagrunnum landbúnaðarins til ráðgjafamiðstöðvanna. Það er táknrænt fyrir innri skilvirkni landbúnaðarráðgjafarinnar að oft á tíðum er Bændablaðið sá vettvangur sem ráðunautar fá fyrstu fréttir varðandi málefni landbúnaðarins. Í þessum efnum getum við litið til frænda vorra, Dana, sem hagnýta sér Veraldarvefinn til þess að miðla upplýsingum frá höfuðstöðvunum (Landskontoret) út til búnaðarsambandanna. Búnaðarsamband Suðurlands hefur þegar komið sér upp heimasíðu til þess að fylgjast með á þessu sviði. Það er ljóst að tölvueign bænda fer vaxandi og þetta er einhver ódýrasta upplýsingamiðlun sem þekktist. Með tölvuvæðingu getum við miðlað upplýsingum með áður óþekktum hraða auk þess sem fjarlægðir verða afstæðar og skipta harla litlu. Það er mikilvægt í strjálbýlu landi. Við megum þó ekki falla í þá gryfju að allir séu að gera það sama á sama tíma.

Í mjög sérhæfðum greinum eins og t.d. bútækni er fráleitt að hvert og eitt búnaðarsamband eða ráðgjafamiðstöð hafi á sínum snærum bútækniráðgjafa. Þessa þjónustu eiga ráðgjafamiðstöðvarnar að kaupa frá t.d. Bútæknideild sem sinna ætti bæði ráðgjöf og þróunarvinnu á sínu sviði. Önnur fög sem fella má undir sama hatt

eru t.d. loðdýrarækt, svínarækt, alifuglarækt þar sem umfang greinanna er of lítið í hverju og einu héraði til þess að hafa ráðgjafa á annan hátt en á landsvísu. Við verðum að hafa í huga að tækni eins og gagnvirkt sjónvarp (fjarfundatækni) hefur gjörbreytt aðstöðu okkar hvað þetta varðar á undanförunum árum. Með þessu móti tengjum við saman rannsóknir, þróunarvinnu og ráðgjöf á virkari hátt en nokkru sinni fyrr. Jafnframt eru þar með opnaðir miklir möguleikar fyrir fólk í dreifbýli sem vill afla sér meiri grunn- eða viðbótarþekkingar í þeirri starfsgrein sem það stundar. Dæmi um þetta eru góð viðbrögð fólks við fjarnámi Bændaskólans á Hvanneyri.

Að okkar mati þarf að stokka upp núverandi stofnanakerfi landbúnaðarins til að takast á við breytta tækni, aukna sérhæfingu og stækkun búa. Í stað margra lítilla stofnana, þar sem viðvarandi fjársvelti virðist draga úr þeim allan mátt til nýsköpunar, verði sett á stofn þróunar- og kennslustofnun fyrir landbúnaðinn. Hún yfirtæki að verulegu leyti þá starfsemi sem unnin er á landsvísu fyrir landbúnaðinn varðandi rannsóknir, ráðgjöf og kennslu.



### HVAD GÆTI VERIÐ FRAMUNDAN ÚTI Í HÉRUÐUNUM?

Framkvæmd búnaðarlaganna mun breyta all nokkru um starfsemi landbúnaðarráðgjafar úti í héruðum á næstunni. Skráningarvinna mun aukast sem og mat á lifandi búfénaði. Þetta þýðir að æ minni tími verður til þróunarvinnu og ráðgjafar eins og við þekkjum hana í dag. Þá hefur tölvuvæðing bænda stóraukist og á enn eftir að vaxa mikið. Beinn aðgangur bænda að eigin gögnum mun aukast og milliganga búnaðarsambanda um gagnasöfnun og gagnaskil mun breytast og minnka. Ráðgjafar framtíðarinnar munu í auknum mæli koma að ýmis konar gagnatúlkun, áætlanagerð og mati. Skrifstofan verður ekki aðalstarfsvettvangur ráðgjafans, eins og í dag, heldur verður vinnan framkvæmd á vettvangi í samvinnu bónda og ráðgjafa.

Til að takast á við breytta tíma verður að skoða alvarlega breytt rekstrarform landbúnaðarráðgjafar þar sem meiri möguleikar eru til hraðari ákvarðanatöku í

samræmi við þarfir á hverjum tíma. Jafnframt að leita eftir samstarfi við aðra sem sinna svipaðri ráðgjöf. Samhliða þessu tvennu þarf að sækja fram til nýrra verkefna og setja markmið til lengri tíma.

Þessi framtíðarsýn byggir þó verulega á því að gagnager breyting verði á uppbyggingu stofnanakerfi landbúnaðarins. Verði hún ekki að veruleika eru litlar líkur á að hefðbundin ráðgjafarþjónusta innan landbúnaðarins verði í stakk búin til þess að keppa við aðra svipaða starfsemi til framtíðar.